

**Sp.**

### **308. Beiðni um skýrslu**

frá utanríkisráðherra um starfsemi Íslenskra aðalverktaka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Karvel Pálmasyni, Stefáni Benediktssyni, Guðmundi Einarssyni, Kristínu S. Kvaran og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um starfsemi Íslenskra aðalverktaka svo og tollfrjálsan innflutning vegna varnarliðsframkvæmda og annan innflutning tengdan varnarliðinu.

*Í skýrslunni komi m. a. fram:*

1. hverjir eru eignaraðilar í Íslenskum aðalverktökum, annaðhvort beint eða gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum;
2. eiginfjárstaða Íslenskra aðalverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982:
  - a) húseignir
  - b) bifreiðar
  - c) aðrar eignir;

3. hvernig húseignin Höfðabakki 9 hefur verið fjármögnuð og hvaða starfsemi fer þar fram;
4. heildarvelta Íslenskra aðalverktaka árin 1980, 1981 og 1982;
5. árlegur hagnaður fyrirtækisins árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað;
6. hverjar tekjur íslenska ríkisins hafa verið og eignaaugning hjá Íslenskum aðalverktökum s. l. 6 ár og hvernig það hefur verið fært í ríkisbókhaldi;
7. stofnfjárframlag íslenska ríkisins og verðmæti eignarhluta þess í árslok 1982;
8. hversu miklum gjaldeyri Íslenskir aðalverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, hversu háar gjaldeyrisyfirfærslur þeir hafa fengið vegna innflutningsskrifstofu fyrirtækisins í Bandaríkjunum og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka;
9. hvort Íslenskir aðalverktakar hafa fengið umboðslaun og ef svo er hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka;
10. hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innistæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982;
11. verðmæti tollfrjáls innflutnings Íslenskra aðalverktaka s. l. þrjú ár sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi:
  - a) varnarliðsframkvæmda sem unnar eru á grundvelli verktakasamninga við varnarliðið
  - b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga;
12. upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli Íslenskra aðalverktaka og varnarliðsins;
13. eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) í tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurlflugvöll;
14. hvort yfirvöld hafi kannað hvort innflutningur tækja, véla og varahluta hvers konar, sem ekki eru skráð á ákveðna verktakasamninga, sé í samræmi við raunverulega þörf Íslenskra aðalverktaka;
15. hvernig háttað er eftirliti með innflutningi samkvæmt 8. gr. 6. tl. fylgiskjals með varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna og hverjar hafa verið tollatekjur íslenska ríkisins af þeim innflutningi;
16. verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. 3 ár;
17. hvort utanríkisráðherra hafi áform um að breyta fyrirkomulagi verkútboða á vegum varnarliðsins og ef svo er þá hvernig, og hvort það fyrirkomulag verkútboða, sem hér ríkir, eigi sér hliðstæður við samsvarandi aðstæður í öðrum löndum, og sé ekki svo hvernig því sé þá háttað.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 23. janúar 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Kjartan Jóhannsson.
Eiður Guðnason.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Karvel Pálmason.
Stefán Benediktsson.	Guðmundur Einarsson.	Kristín S. Kvaran.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

### Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa farið fram miklar umræður á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu um starfsemi og umsvif Íslenskra aðalverktaka. Í þeim umræðum hafa komið fram ýmsar ásakanir í garð fyrirtækisins og óhætt er að segja að mikillar tortryggni gæti vegna reksturs og fjármálaumsvifa þess.

Hér skulu ekki tíundaðar þær ásakanir, sem fram hafa komið, né afstaða tekin til þeirra. Tilgangur þessarar beiðni um skýrslu um málefni Íslenskra aðalverktaka er fyrst og fremst sá að varpa ljósi á starfsemi og fjármál fyrirtækisins þannig að fordómalausar umræður, reistar á staðreyndum, geti farið fram um starfsemi og framtíð þessa fyrirtækis.

Í viðtali í Alþýðublaðinu 14. janúar s. l. við framkvæmdastjóra Íslenskra aðalverktaka kom fram að fyrirtækið hefði engu að leynd, en dylgjað hafi verið á ósanngjarnan hátt um félagið.

Í ljósi þess og þeirra umræðna, sem orðið hafa, hlýtur það að vera hagur fyrirtækisins jafnt sem annarra að þeirri leynd, sem verið hefur, sé varpað af fyrirtækinu. Hlýtur það að teljast eðlileg krafa í ljósi þeirrar einokunaraðstöðu, sem fyrirtækið hefur, og ekki síður vegna eignarhluta íslenska ríkisins í fyrirtækinu.

Ýmsir hafa einnig gert því skóna að nauðsynlegt sé að aflétta þeirri einokunaraðstöðu sem Íslenskir aðalverktakar óneitanlega hafa vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hér er lagt til að utanríkisráðherra birti í skýrslu sinni til Alþingis, væri hægt að taka skynsamlegar og réttar ákvarðanir um fyrirkomulag verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, eyða tortryggni og aflétta þeirri leynd sem hvílt hefur yfir allri starfsemi þessa fyrirtækis.